

Föstudaginn 29. ágúst 1997.

Nr. 308/1997.

Jóna Brynja Jónsdóttir

(Sigurður Eiríksson hdl.)

gegn

Arnie V. Limuaco

(enginn)

Kærumál. Frávísunarúrskurður staðfestur. Stefnubirting. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. júlí 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 22. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 14. júlí 1997, þar sem máli sóknaraðila gegn varnaraðila var sjálfkrafa vísað frá dómi. Kæruheimild er í j-lið 1. mgr. 143. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til efnismeðferðar. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr ríkissjóði, en honum var veitt gjafsókn í málinu 26. febrúar 1996.

Varnaraðili mun vera búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Hvorki er sýnt, að upplýsinga verði ekki aflað um, hvar megi birta stefnu á hendur honum eftir almennum reglum né að yfirvöld í heimalandi hans hafi neitað eða látið hjá líða að verða við ósk um birtingu stefnu samkvæmt 90. gr. laga nr. 91/1991. Er skilyrðum 89. gr. laganna til birtingar stefnu í Lögbirtingablaði því ekki fullnægt. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest ákvæði hans um frávísun málsins frá dómi. Þá verður hinn kærði úrskurður jafnframt staðfestur, að því er varðar fjárhæð þóknunar lögmanns sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir héraðsdómi, en til fjárhæðar gjafsóknarkostnaðar sóknaraðila að öðru leyti verður ekki tekin afstaða við úrlausn málsins.

Kærumálskostnaður dæmist ekki úr hendi varnaraðila, en um málflytninguþóknun lögmanns sóknaraðila vegna meðferðar málsins fyrir Hæstarétti fer eins og í dómsorði greinir.

Hinn kærði úrskurður er staðfestur, að því er varðar frávísun málsins frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður sóknaraðila, Jónu Brynju Jónsdóttur, í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, 50.000 krónur, vegna meðferðar málsins í héraði og 25.000 krónur vegna kærumáls þessa.

Úrskurður Héraðsdóms Norðurlands eystra 14. júlí 1997.

Mál þetta er höfðað með stefnu, sem birtist í Lögbirtingablaði 13. maí 1997. Málið var þingfest 26. júní 1997.

Stefnandi er Jóna Brynja Jónsdóttir, kt. 171076-4049, Smáratúni 12, Svalbarðseyri, Suður-Þingeyjarsýslu.

Stefnt er Arnie V. Limuaco, 1854 Kentwood St., Philadelphia, Pa. 18116, Bandaríkjunum.

Stefnandi krefst þess, að stefndi verði dæmdur faðir að mey barninu Díönu Rós, kt. 280695-3199, sem stefnandi ól 28. júní 1995. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda meðlag með barninu frá fæðingu þess til fullnaðs 18 ára aldurs þess, sem sé jafnhátt og ákveðið er af Tryggingastofnun ríkisins á hverjum tíma. Þá er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Stefndi hefur ekki sótt þing og engar kröfur gert hér fyrir dómi.

Stefnandi segir, að með yfirlýsingu, dagsettri 9. ágúst 1995, hafi hún lýst stefnda föður barnsins Díönu Rósar, kt. 280695-3199, og fengið úrskurðað meðlag til bráðabirgða, á meðan barnsfadernismál væri að ganga í gegn. Með bréfi, dags. 11. ágúst 1995, hafi sýslumannsembættið á Akureyri óskað eftir aðstoð frá dómsmálaráðuneytinu til að fá stefnda til að viðurkenna faðernið. Hann hafi dvalist árið 1994 á vegum bandaríska varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, þar sem þau stefndi og stefnandi kynntust, en var talinn hafa flust til Bandaríkjanna í nóvember 1994. Dómsmálaráðuneytið hafi leitað til sendiráðs Íslands í Washington, og 28. september 1995 hafi stefndi undirritað kvittun fyrir móttöku yfirlýsingar stefnanda um faðernið. Stefndi hafi hins vegar ekki undirritað faðernisviðurkenningu, og ekkert svar hafi borist frá honum, og með bréfi, dags. 25. janúar 1996, hafi því verið lýst yfir af hálfu dómsmálaráðuneytisins, að það myndi ekki aðhafast frekar í mál-

inu. Þessi tilraun til öflunar faðernisyfirlýsingar stefnda hafi því ekki borið árangur.

Stefnandi segir, að engum öðrum en stefnda sé til að dreifa, sem geti verið faðir barnsins. Reynt hafi verið að birta stefnu fyrir stefnda í Bandaríkjunum, en það hafi ekki tekist, og því hafi verið óhjákvæmilegt að birta stefnu í Lögbirtingablaði samkvæmt a-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Stefnandi kveðst vísa til VII. kafla barnalaga nr. 20/1992, einkum 2. mgr. 50. gr. laganna.

Í stefnu er heimilisfang stefnda tilgreint „1854 Kentwood St., Philadelphia, Pa. 18116, Bandaríkjunum“. Stefnandi leitaði aðstoðar íslenskra yfirvalda við að birta stefnu fyrir stefnda. Íslensk yfirvöld fólu fyrirtækinu Associated Investigators Inc. að annast stefnubirtinguna. Fram kemur í bréfi frá Associated Investigators, að birtingarmaður hafi farið á tilgreint heimilisfang, en ekki getað haft þar uppi á stefnda, en ekki verður séð, að gengið hafi verið úr skugga um, hvort stefndi ætti þar heima. Samkvæmt 90. gr. laga nr. 91/1991 ber að birta stefnu eftir lögum þess ríkis, þar sem stefndi á heimilisfang. Ekki hafa verið lögð fram gögn, sem sýni, hvaða reglur gildi um stefnubirtingu í Pennsylvaníu. Þá kemur fram í gögnum málsins, að stefndi sé hermaður, líklega með aðsetur í herstöð í Alaska, og að íslensk yfirvöld hafi falið Associated Investigators að hafa þar uppi á stefnda, en það ekki tekist. Ekki verður séð, með hvaða hætti reynt var að upplýsa um dvalarstað stefnda í Alaska og hvort óskað hafi verið eftir aðstoð bandarískra yfirvalda við þá leit.

Í samræmi við framangreint þykja skilyrði 89. gr. laga nr. 91/1991 um birtingu stefnu í Lögbirtingablaði ekki vera fyrir hendi, og er því óhjákvæmilegt að vísa málinu sjálfkrafa frá dómi.

Í málskostnaðarreikningi lögmanns stefnanda kemur fram, að útlagður kostnaður stefnanda sé 10.458 kr. vegna þýðingar stefnu, 4.233 kr. vegna birtingar stefnu í Lögbirtingablaði og 14.350 kr. vegna reiknings Associated Investigators Inc. Ekki eru efni til að úrskurða stefnda til greiðslu málskostnaðar, en útlagður kostnaður stefnanda, samtals 29.041 kr., ásamt þóknun til lögmanns stefnanda, Sigurðar Eiríkssonar hdl., sem ákveðst 50.000 kr. að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði samkvæmt gjafsóknarleyfi dómsmálaráðuneytisins, dags. 26. febrúar 1996.

Úrskurð þennan kvað upp Auður Hörn Freysdóttir fulltrúi.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá dómi.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, Jónu Brynju Jónsdóttur, þ. m. t. útlagður kostnaður, 29.041 kr., og þóknun lögmans hennar, Sigurðar Eiríkssonar hdl., 50.000 kr. greiðist úr ríkissjóði.
